



Fornleifakönnun

Vegna deiliskipulags á Heiðarbrún 8a
á Stokkseyri



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Maí 2008

2008/3

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildarmenn	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Niðurstöður	20

Inngangur

Að beiðni Gísla Davíðs Sævarssonar aðstoðar byggingarfulltrúa var gerð fornleifaathugun á lóðinni Heiðarbrún 8a á Stokkseyri. Vettvangsrannsókn fór fram þann 7. maí og var gerð af Margræti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi á Byggðasafni Árnesinga. Reiturinn er lítil byggingarlóð 25x27 metrar og er staðsett við götuna Heiðarbrún á Stokkseyri.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ . . . hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafuir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti" sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr."

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í núajavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við upphaf skráningar eru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögu-
legur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Á vettvangi voru hnit tekin á minjum með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Öll hnit voru tekin í landskerfinu ISN93. Loftmyndir í skýrslunni eru frá Loftmyndum ehf .. Úrvinnsla korta fór fram í Trimble GPS Pathfinder Office.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir:

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Stokkseyri 165571, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 151 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Stokkseyri væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Stokkseyri - 165571- 151-1. Í þessari skýrslu er það reyndar ekki skráð, þar sem það er langt utan veglínu. Því er fyrsta raðnúmer Stokkseyri 165571-151-2,. Sé jörð með landsnúmer en ekki

númeri í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Kristínarhóll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildarmenn

Heimildarmaður við skráninguna var Grétar Zophaníasson.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróflega skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Hins vegar telst stærsti minjaflokkurinn útihús hvers konar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús,

hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náttþaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hvers kyns minjar þar er um að ræða þó engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurs konar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru árost eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru eins konar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa getur verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfaster aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru afýmsu tagi s.s. hænsnak.ofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæ var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútímajarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhvers konar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til

vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fódra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurs konar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margs konar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðarstaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem

fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Stokkseyri -165571- 151 Fjöldi minja: 240

Saga

Stokkseyri er landnámsjörð og er hennar fyrst getið í *Landnámu*. Samkvæmt *Landnámu* kom Hásteinn Atlason á land í Hásteinssundi austan Stokkseyrar og nam Stokkseyrarhrepp. (*Sunnlenskar byggðir 11 Flóinn*. 1981: 196) Bókum kemur þó ekki saman um það hvar Hásteinn bjó en *Sturlubók* segir hann hafa búið á Stjörnusteinum en *Hauksbók* segir hann hafa búið á Stokkseyri og að Ölvir sonur hans hafi búið á Stjörnusteinum. (*Íslenskforrit 1 Íslendingabók og Landnáma*. 1968:371,173) Í bókinni *Íslenzkir sögustaðir* eftir Kalund er Hásteinn nefndur Hallsteinn og sundið Hallsteinssund. Landið sem hann nam var milli Rauðár og Ölfusár allt til Fúlalækjar. (Kalund, Kristian P. E. 1984:127) Nafnið Stokkseyri er sennilega komið af því að þar komu setstokkar Hásteins í land. (Guðni Jónsson. 1960:56) Landnám Stokkseyrar hefur líklega átt sér stað árunum 900-910. (Guðni Jónsson. 1952:126)

Stokkseyri hefur oft komið fyrir í heimildum t.d. í *Sturlungu* en samkvæmt henni bjuggu á Stokkseyri Björn Þorvaldsson og Hallveig Ormsdóttir. (*Sturlunga saga*. 1. bindi. 1946:271) Sennilega kemur svo Stokkseyri næst fyrir í mál-daga Gaulverjabæjarkirkju en menn geta sér þess til að máldaginn sé frá um 1220. Þá bjó þar Eyjólfur Ásgrímsson. (*Diplomatarium Islandicum*. 1 1857-1876:403) Næst birtist Stokkseyri reglulega í fornbréfunum. Þann 27. 9. 1465 samþykkti Jón Sæmundsson kaup móður sinnar á Stokkseyri. Kaupin virðist hafa dregið dilk á eftir sér því ári síðar kannaðist Sigríður ekki við þá fullyrðingu sonar síns að hún hafi eftirlátið honum hluta jarðarinnar. (*Diplomatarium Islandicum*. V 1899-1902:451,463) 24. júní árið 1471 kaupir Jón Ólafsson hálfa Stokkseyrarjörðina og alla Ásgautsstaði af Áma Sæmundssyni fyrir Belgsstaði og tuttugu hundruð í Drambholtsstöðum í Biskupstungum. (*Diplomatarium Islandicum*. V 1899-1902:618-619) Árið 1545 „Geck domur j mille Sæmundar Eiríkssonar oggunnars a stokkseyri vm það fiorufar eins mannz sem kirkjan j asi aa i stokkseyrarfioru og gunnar hefur hindrat ad sæmundur hefur ecki fengid, dæmdizt schallhollzkirkju. xv. Merkur." (*Diplomatarium Islandicum*. XI 1915-1925:419) 13 árum síðar er kemur jörðin aftur fyrir í heimildum en þá keypti Sigurður Bjarnason Stokkseyri af Ragnheiði Björnsdóttur. (*Diplomatarium Islandicum*. X/11 1933-1939:344) Árið 1703 var Stokkseyri tvíbýlisjörð og á öðrum helmingnum bjuggu Guðmundur Jasonarson Vest og Þórdís

Markúsdóttir kona hans ásamt 5 börnum þeirra, vinnumanni, smala, þremur vinnukonum og tveimur niðursetningum. Á hinum helmingnum bjuggu Eyvindur Guðmundsson og Iðunn Jónsdóttir ásamt fjórum börnum sínum, föður Eyvindar, tveimur vinnukonum og niðursetningi. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:513) Í samanburði við fjölskyldustærðir annarra býla í Stokkseyrarhreppi á sama tíma, þá eru fjölskyldur þessar mjög stórar. Nokkrum árum síðar árið 1729 bjuggu á öðrum helmingnum Guðrún Guðmundsdóttir, dóttir Guðmundar Jasonarsoar Vest ásamt manni sínum Jóni Sveinssyni, barni þeirra, fjórum vinnuhjúum og ómaga. Á hinum helmingnum bjuggu Sturlaugur Álfsson og Ása Jónsdóttir ásamt fjórum börnum sínum. (*Manntal 1729 í þremur sýslum*. 1924-1947:596-7) Árið 1801 bjuggu á öðrum helmingnum hjónin Jón Ingimundsson og Guðrún Einarsdóttir ásamt fjórum börnum, vinnukonu og móður Guðrúnar. Á hinum helmingnum bjuggu hjónin Jón Gamalíelsson og Sigríður Hannesdóttir ásamt barni sínu, vinnukonu og móður húsbóndans. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:214) Árið 1845 hafa fjölskyldur Stokkseyrar hlutfallslega minkað. Á öðrum helmingnum bjuggu hjónin Jóhann Bergsson og Guðrún Guðmundsdóttir ásamt vinnukonu og matvinnungi. Á hinum helmingnum bjuggu hjónin Þórður Jónsson og Sigríður Jónsdóttir ásamt börnum hennar þremur. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982:219)

Stokkseyri hefur sennilega alltaf heitið Stokkseyri en svæðið sem Stokkseyri er á gekk undir nafninu Eyrar lengi vel, nú á það helst við um strönd Eyrarbakka. (Gísli Gestsson. 1956:58) Talið er að nafnið Stokkseyri hafi verið valið vegna þess að þar komu setstokkar Hásteins á land. Sagt er að þeir hafi komið í Stálfjöru og enn í dag er stór klettur áfastur landi undan Vestara Íragerði sem í enn í dag heitir Stál. (Guðni Jónsson. 1952: 126)

Stokkseyri virðist alltaf hafa verið stórbýli og var jörðin í bændaeign frá siðaskiptum og fram undir lok 18. aldar. Það var fyrir árið 1700 að Stokkseyri varð tvíbýlisjörð og var því þannig háttað meðan búið var á jörðinni að fornum hætti. (Guðni Jónsson. 1952:2-3) Í Rekaskrá Skálholtskirkju frá 1270 segir: „Kirkian i skalholti a. x. j rekanum er liggur ... og þann sem liggir fyrir Stokseyre. a Eyrarbakka i millum Dyra löns. og Stjörnusteina og sionhending fram j olldurife. ad vundannteknum so störum hual sem aller heimamenn af einföldu bue a Stokseyre med einum eyk giæte af stad hrætt. og allann vid tueggia alna langann millum snida. og þadan stærra." (*Diplomatarium Islandicum*. II 1893:75) Guðni Jónsson sagði „Í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 er talað um heimamenn á einföldu búi á Stokkseyri, og eru þau ummæli endurtekin í dómi um rekaréttinn frá 1439, sem áður er getið. Virðast þau gefa til kynna að um fleiri en eitt bú að Stokkseyri hafi verið að ræða. Einbýli hefir þó með vissu verið þar í fornöld og eins á dögum nokkurra stóreigamanna, sem áttu allajörðina ... " (Guðni Jónsson. 1952:126; *Diplomatarium Islandicum*. IV. 1897:590) Á 14. og 15. öld koma hjáleigur til sögunnar í byggðasögu landsins. Hjáleigur Stokkseyrar hafa ávalt verið fjölda margar en í *Jarðatali á Íslandi* voru þær: Kaðlastaðir, Grímsfjós, Ranakot, Hóll, Móhús vestari, Móhús eystri, Dvergasteinar, Starkaðarhús, Roðgúll, Símonarhús, Gata, Gerði (Gerðar), Vestara Íragerði, Eystra Íragerði, Hellukot, Kumbaravogur, Rauðarhóll vestari, Rauðarhóll eystri, Stokkseyrarsel vestara og Stokkseyrarsel eystra. (Johnsen, J. 1847:60) Árið 1708 voru hjáleigurnar örlítið fleiri en þá voru að auki hjáleigurnar Töpp, Beinateigur, Hvíld og Hviða. Roðgúll gekk þá líka undir nafninu Vatnsdalur, Íragerði var skráð sem Ýragerði, Móhúsinn voru skráð sem litlu og stóru Móhús en ekki vestari og eystri

og sömuleiðis var Rauðárhóll skráður ekki vestari og eystri heldur Rauðárhóll og Litli Rauðárhóll. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:59-68)

Á seinni hluta 19. aldar varð veruleg breyting til bóta en þá komust jarðir Stokkseyrar aftur í bændaeign þegar hver bóndi á fætur öðrum keypti ábýlisjörð sína og gerðist sjálfseignarbóndi. Árið 1952 höfðu öll gömlu lögbýlin í Stokkseyrarhreppi sem enn voru í byggð, verið í sjálfsábúð um nokkurt skeið, að undanskildum jörðunum Stokkseyri og Syðra-Seli, sem orðið höfðu eign ríkisins á síðustu tveim áratugum. (Guðni Jónsson. 1952:4) Fjöldi Stokkseyringa var árið 1896 55 manns og til samanburðar bjuggu á Stokkseyri 464 einstaklingar árið 2004. Flestir bjuggu á Stokkseyri árið 1920, en þá voru íbúarnir 742 talsins. (Stokkseyri. 2005) Íbúar alls Stokkseyrarhrepps voru árið 1831 106 talsins en voru 102 árið 1840. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:32,37) Auk hjáleiga og þurrabúða á Stokkseyri voru þar fjöldi verbúða, en verstaðan þar þótti sæmileg og byrjaði um kyndilmessu og var til Hallvarðsmessu. (Guðni Jónsson. 1952:126) Stokkseyri bar samkvæmt Finni Magnússyni svip árstíðabundinnar verstöðvar fremur en eiginlegs þorps. (Finnur Magnússon. 1986: 170) og voru árið 1890 hvorki meira né minna en 46 verbúðir en það ár voru þær flestar. (Oddur Oddsson. 1941: 11) Hvenær menn hófu róðra frá Stokkseyri er ekki vitað en sennilega var það um leið og þar hófst byggð. Lúðvík Kristjánsson telur þó að þar hafi ekki verið verstöð fyrr en á 18. öld. (Lúðvík Kristjánsson. 1982:35) Sel voru einnig í eigu Stokkseyrabænda en Eyjólfr Þorvaldsson var sá bóndi er á árunum 1520 til 1532, tók fyrstur upp selstöðu í Stokkseyrarseli. (Guðni Jónsson. 1952:130) Sennilega var tvíbýli á Stokkseyri á þessum tíma en selin voru tvö talsins. (Guðni Jónsson. 1952:126) Það var svo árið 1926 að stór bruni varð á Stokkseyri og brunnu þar sjö hús, en öll stóðu þau á blettinum þar sem frystihúsið Hólmaröst er í dag. (Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005)

Nokkuð óvenjulegt má telja að eftir að Jón sýslumaður Ólafsson keypti Stokkseyri var jörðin í eigu sömu ættar þar til á síðara hluta 18. aldar, en hálf jörðin allt til ársins 1924 eða í samfleytt 460 ár. Nefnist þessi ætt í fyrstu Klofaætt, en sú grein hennar, sem átti Stokkseyri og sat þar öldum saman, nefnist Stokkseyrarætt. (Guðni Jónsson. 1952:117)

Á Stokkseyri hefur verið löggiltur verslunarstaður síðan 1884 og óx þar upp kauptún fyrir aldamótin 1900 og er enn í dag. (Guðni Jónsson. 1952: 115-116) Auk þess að vera kaupstaður, þá var verstöð á Stokkseyri og þingstaður Stokkseyrarhrepps allt frá fornöld (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839- 1843*. 1979:26) sömuleiðis var Stokkseyri kirkjustaður. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:59-68) Kirkjan birtist fyrst í heimildum í *Kirknatali* Páls Jónssonar biskups frá 1200. Stokkseyrarkirkja var Mariukirkja í kaþólskum sið og var bændakirkja til ársins 1886 en þá tók söfnuðurinn við henni. Kirkjan sem í dag stendur er fimmta timburkirkjan sem byggð hefur verið og var hún reist árið 1886.

Yfirsíðurinn var Jón Þórhallason frá Eyrarbakka. Fyrsta timburkirkjan á Stokkseyri var reist árið 1752 af Brynjólfi Sigurðssyni sýslumanni í Hjálmholti. Þjóðtrú var tengd kirkjunni og var hún á þann veg að skip áttu ekki að farast á réttu sundi ef rekatré væri í sundmerkinu og efkirkjan stæði opin. Lengi fram eftir 20. öldina var sá siður viðhafður að hafa kirkjuna opna þegar bátar voru á sjó í vondu veðri. (Sveitarfélagið Árborg. (Engin dags.))

Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1686 var jarðardýrleiki Stokkseyrar 60 hdr, (Björn Lárusson. 1967:103) árið 1847 var dýrleikinn 50, landskuldin 5 og kúgildin 18 (Johnsen, J. 1847:60) og árið 1708 var jarðardýrleikinn „lx og so tíundast fjórum tíundum." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921 :59) Kvaðir voru á öðrum helmingi Stokkseyrarjarðarinnar árið 1708 og voru skipsáróður um vertíð heima á Stokkseyri og dagsláttur á Seli. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:60)

Til eru tvö túnak.ort af Stokkseyri frá árinu 1920, annað af vesturtúni og hitt af austurtúni. Samkvæmt þeim var vesturtúnið 1,3 ha að stærð, allt slétt. Á því túnakorti má sjá þrjú íbúðarhús. Austurtúnið var 0,8 ha og það sömuleiðis allt slétt. Matjurtagarðar voru þar og þeir voru 1864 m². Tvö íbúðarhús eru skráð á það kort og eitt útihús sem ekki er merkt sérstaklega. (Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*; Túnakort (1920). *Stokkseyri (austurtún)*)

Kostir og ókostir jarðarinnar árið 1708 voru skráðir svo í *Jarðabókinni*: „Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga næg, þó erfið til að sækja. Mósukurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, en brúkast ei. [...] Reiðingsristu segjast menn heyrt hafa að jörðin eigi í Traðarholtslandi mót :fjörufari á Stokkseyrarfjöru, vide Traðarholt. Skógarhögg á jörðin í takmörkuðu plátsi í Búrfelli fyrir ofan Eystrihrepp, sem kallast Stokkseyringur. Var þar áður nægur skógur til kolagjörðar og nokkur til raftviðar, er nú nærri gjöreyddur síðan Hekla brann síðast og spilti honum og brúkast því sjaldan [...] Túninu grandar til stórskaða sjóargangur með landbroti og grjóts og sands áburði og gánga þar á stórflæður alt í kringum bæinn og yfir alt plátsið, so að ekki kunna menn í burt að komast hættulaust frá bænum, þó vildu, þegar so ber til, og hefur það við borið í manna minni, að sjórinn hefur gengið inn í bæinn, og altítt í meðalflóðum að inn gáangi í kirkjugarðinn, stundum kirkjuna. Engjunum grandar sjáfargangur með grjóti og sandi [...] Vatnsbólin fordjarfast oft um vetur og fyrir sjávangangi, þegar sjór ber sand yfir og fyllir brunna af söltu vatni." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921 :60-61) *Jarðabókin* segir enn fremur að á Stokkseyri sé rekavon í betra lagi, sölvaðfjara næg, fjörugrös „ut supra á Skipum" og að hrokkelsatekja hafi verið á jörðinni. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:61) „Víðast í mýrum hér er mótak, þunnt lag og lélegur eldiviður. Í mólaga þessu eru skógarleifar, mest renglur, en þó á stöku stað stofnar 12-15 cm í þvermál. áður en nútíma framræsla hófst, [...] Graflækir og forarkeldur voru mikill farartálmi og þrotlaus vinna að brúa þetta með spýtum og torfi. Í vætutíð myndaðist ótræði við þetta, brýrnar tróðust sundur, urðu götóttar og ófærar." (*Sunnlenskar byggðir // Flóinn*. 1981: 176)

Síðan um 1560 er til vitnisburðarbréf um landamerki Stokkseyrar, Hrauns og Háeyrar: „Eg Oddur Grijmsson barnfæddur og uppalinn í Suluholti i Villingaholtshreppi en alla mijna daga i Flóa verid ... hefe og bued. 5 ár á Skurnstöðum i Stockseyrarhrepp og svo 16 ár á Hraune. Þá vissa eg ei önnur landamerke vera og verid hafa i millum Stockseyrar og Hrauns. helldur en ad sa gardur ætte ad ráda sem geingur af siáarböckunum og upp ad myrinne i millum Stockseyrarsels og Hrauns, og so sionhending a Breidamyre." (*Diplomatarium Islandicum. X/11* 1933-1939:562) Landamerki Stokkseyrar voru árið 1842 þessi: „Stokkseyrarhreppur liggur neðst með sjávarsíðunni (þeim svonefnda Eyrarbakka) og svo vestur með Ölvesárósi, frá því hún fer að beygjast til suðurs. Hreppur þessi er lagaður sem þríhyrningur, og takmarkast hann af sjónum og Ölvesárósi að neðanverðu, að norðvestanverðu af Sandvíkurhrepp, og að suðaustan af Gaulverjabæjarhrepp. Það horn hreppsins, sem efst er, nær næstum

því upp undir Hróarsholt, hvar kalla má að allir Flóahreppar nærfellt komi saman. Allir þessir 5 svonefndu Flóahreppar eiga þingstað á Hróarsholti, sem liggur mitt í allri sveitinni, þannig að enginn bær á 2 mílur vegar á þingstaðinn." (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:26)

Heimildaskrá

Allan Magnússon. [ártal vantar]. *Sjávarflóð 22. 1. 1925*. Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Andrés Markússon. Marz 1926. *Sundin á Stokkseyri*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla, Örnefnastofnun.

Andrés Markússon. Marz 1926. *Örnefni í Stokkseyrarfjöru*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla, Örnefnastofnun.

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilægumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Björgvin Jósteinsson. 1936-39. *Ljósmynd í eigu Björgvins Jósteinssonar, afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga*. BÂM 2005:20

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Brynjúlfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904 (að nokkru leyti áður undirbúin).“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. I. 1857-1876. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafa, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1893. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IV. 1897. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. V. 1899-1902. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XI. 1915-1925. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XII. 1923. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIV. 1944-1949. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Finnur Magnússon. 1986. „Þurrabúðarmenn og verkamenn um aldamótin 1900. Undirstaða nútíma verkalýðshreyfingar." Ritstjóri Inga Lára Baldvinsdóttir. *Árbók Hins íslenzka forleifafélags 1985.* Hið íslenzka fornleifafélag, Reykjavík.

Gísli Gestsson. 1956. *Árbók. Árnassýsla milli Hvítár og Þjórsár.* Ferðafélag Íslands.

Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003. „Stokkseyrarkirkja." *Kirkjur Íslands.*

Eyrarbakkakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandakirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandakirkja, Úlfljótuvatnskirkja, Þingvallakirkja. 4. bindi. Ritstjórn: Árni Björnsson dr. phil. og Þorsteinn Gunnarsson. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Biskupastofa, Reykjavík, bls. 122-134.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi.* Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga. Fyrri bindi.* Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga. Síðara bindi.* Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1966. *Bergsætt Niðjatal Bergs Hreppstjóra Sturlaugssonar í Brattholti. II. Höfundur,* Reykjavík.

Haraldur Blöndal. 1983. *Ljósmyndarinn í þorpinu.* Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri-Svart á hvítu, Reykjavík.

Haraldur Blöndal. 1983. *Ljósmyndarinn í þorpinu.* Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri-Svart á hvítu, Reykjavík. Mynd nr. 47.

Haraldur Blöndal. 1983. *Ljósmyndarinn í þorpinu*. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri-Svart á hvítu, Reykjavík. Mynd nr. 49.

Heimildarmaður: Ábúandi Merkigarðs (vildi ekki láta nafn síns getið).

Hinrik Bjarnason. 1955-60. Ljósmynd í eigu Hinriks Bjarnasonar, afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga. BÂM 2005:4

Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu: Byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrítuðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma. 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur*. II. bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Kålund, Kristian P. E. 1984. *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenzkir sjávarhættir II*. Bókaútgáfa menningarsjóðs, Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík. *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Oddur Oddsson. 1941. *Sagnir og þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja H. F., Reykjavík.

Ókunnur skrásetjari. [ártal vantar]. *Stokkseyrarfjara*. Úr dánarbúi Guðna Jónssonar. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Páll Lýðsson. 2003. „Stokkseyrarkirkja." *Kirkjur Íslands. Eyrarbyggjakirkja, Gaulverjabæjakirkja, Kotstrandakirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandakirkja, Úlfjótssvatnskirkja, Þingvallakirkja*. 4. bindi. Ritstjórn: Árni Björnsson dr. phil. og Þorsteinn Gunnarsson. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Biskupastofa, Reykjavík, bls. 83-84.

Sigríður Karlsdóttir. 1939. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Árnesinga. BÂM 2005:25
Sigurður Þ. Eyjólfsson. [ártal vantar]. *Stokkseyri*. Gaulverjabæjarhreppur, Árnessýsla, Örnefnastofnun.

Stokkseyri. 2005. *Bærinn*. Sótt 23.5.2005 af www.stokkseyri.is

Sturlunga saga. 1. bindi. 1946. Sturlungaútgáfan, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Sveitarfélagið Árborg. (Engin dags.). *Stokkseyrarkirkja*. Sótt 23.5. 2005 af www.arborg.is

Túnakort (1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. *Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. *Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Vinaminni*. *Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. V íkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorsteinn Bjarnason. [ártal vantar]. *Örnefni í Stokkseyrarfjöru*. *Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Örnefni í *Sveitarfélaginu Árborg*. Örnefnum safnaði Páll Lýðsson. Með aðstoð Helga Ívarssonar og Stefáns Muggs Jónssonar. Sveitafélagið Árborg- Örnefnaskráning í fyrrum Sandvíkur- og Stokkseyrarhreppum. Kortagerð Landform, Oddur Hermannsson Verknúmer: 200-020. Teikning númer: 005.

Stokkseyri 165571151 - 21

Sérheiti: Hviða

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 398541 Y: 372162

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Lísbet Sigurðardóttir
(1511484259)



Staðhættir

Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 er Hviða talin upp sem

tólfta hjáleiga Stokkseyrar. „Hviða, tólfta hjáleiga, tómthús. Lagðist næstliðið sumar í auðn.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921:67) „Hviða var þurrabúð á Stokkseyri, og er hennar aðeins getið í *Jarðab.* ÁM. 1708. Samkvæmt því, sem það segir, fór Hviða í eyði 1707, vafalaust eftir mjög skamma byggð, því að í manntali 1703 er hennar ekki getið. Sagt er, að Hviða hafi staðið þar, sem Útgarðar [22] eru nú.“ (Guðni Jónsson 1952:385) Stóð sennilega á sama stað og Heiðarbrún 6 eða Útgarðar stóðu [22]. Engar minjar eru við húsið.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Stokkseyri 165571151 - 22

Sérheiti: Útgarðar

Hlutverk: Hús

Tegund: Hús

Staðsetning: X: 398541 Y: 372162

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Lísbet Sigurðardóttir (1511484259)

Staðhættir

Útgarðar voru þurrabúð og voru „... byggðir árið 1870 af Guðnýju Kjartansdóttur ekkju Einars Loftssonar í Ranakoti, en nafnið kemur fyrst fyrir við húsvitjun 1874. Fyrst er býli Guðýjar kallað Móhúshjáleiga (Manntal og húsvitjun 1870), en síðan um tíma einungis Móhús. Í sveitarbók Stokkseyrarhrepps 1873-74 er býlið kallað Ölhóll, en næstu tvö árin einungis Hóll. Í húsvitjun 1874 er býlið fyrst nefnt Útgarðar, og er því haldið þar síðan og einnig í sveitarbókinni frá 1877. Ekki er að efa, að allt er þetta eitt og sama býlið, því alltaf er ábúandinn sá sami Útgarðar eru annað elzta þurrabúðarbýli, sem nú er í byggð á Stokkseyri [þ.e. uml 950], annað en Móakot.“ (Guðni Jónsson 1952:392-3) Í bókinni *Landsigálfar á Íslandi* eru skýrslur presta um húsaskemdir íjarðskjálftunum 1896. Í Útgörðum 1-3 eru skráð níu bæjarhús fyrir skjálfiana. Tvö þeirra skemmtust mjög mikið en sjö voru lítið skemmd. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185) Hviða [21] var þurrabúð sem áður stóð þar sem

Útgarðar eru í dag (2005). Hviða laggðist í eyði árið 1707. Árið 1910 voru í Útgörðum tvær þurrabúðir. Önnur var byggð úr timbri með þremur herbergjum. (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:174-5) Hin þurrabúðin var torfbær með einu heilþili og einu hálfþili. (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997: 176-7) Útgarðar eru hús númer 6 við Heiðarbrún á Stokkseyri.

Lýsing

Engar minjar eru við húsið.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Stokkseyri 165571151 - 23

Sérheiti: Töpp

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Helgi Ívarsson (0206293989)

Staðhættir

Árið 1708 er Stokkseyrarjörðin skráð í *Jarðabókina* og eru hjáleigur Stokkseyrar þá 24 talsins og er Töpp skráð sú tíunda. „Töpp ... í eyði næstliðin 2 ár. Það var tómthús og fylgdi ekki grasnautn. Hússleigan var x álnir í landaurum. Kvöð engin." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921 :64) Töpp var ein af þeim 11 hjáleigum er tilheyrðu ábýli Guðmundar West og „Stokkseyrar-Dísu" (Þórdísar Markúsdóttur). (Vigfús Guðmundsson 1945:57)

„Byggð hlýtur að hafa staðið þar í mjög stuttan tíma, því að hennar [Töpp] er ekki getið í manntali 1703." (Guðni Jónsson. 1952:392) Töpp hefur verið í byggð milli 1703 og 1706.

Þar sem heimildir geta ekki til um staðsetningu hjáleigunnar er ekki gott að segja hvar hún stóð. Samkvæmt Helga Ívarssyni veit sennilega engin hvar Töpp stóð.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Stokkseyri 165571151 - 241

Hlutverk: Vegur

Tegund: Samgöngubót

Staðsetning: X:398513 Y:372201

Staðhættir

Deiliskipulagsreiturinn er að Heiðarbrún 8 á Stokkseyri.

Lýsing

Þvert yfir reitinn liggur gamall vegur sem var vegurinn að Útgörðum [165571151-22]. Vegurinn er mjög greinilegur en hefur að stæðstum hluta farið undir hús og gatnagerð og er þetta eini hluti vegarins sem enn er sjáanlegur.



Gamli vegurinn heim að Útgörðum liggur yfir deiliskipulagsreitinn

Stokkseyri 165571151 - 242

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X:398504 Y:372202

Staðhættir

Deiliskipulagsreiturinn er að Heiðarbrún 8 á Stokkseyri.

Lýsing

Tveir steinar eru sjáanlegir á yfirborði og hugsanlega veggbútar sem voru mældir inn. Tóftin er afar óljós í mjög þýfðu umhverfi og

hugsanlega er aðeins um stök grjótt að ræða í þýfðu umhverfi. Heimildarmaður minnst ekki að hafa séð tóft á þessum stað, en hann er alinn upp á Stokkserí. Enginn sterk merki eru um að þetta sé tóft.



Hugsanleg tóft sér í annan af tveimur steinum sem sjást á yfirborði

Niðurstöður

Á lóðinni sem er nokkuð þýfð má sjá í þrjá steina og hugsanlega leifar af tveimur veggjum. Þetta er allt ákaflega óljóst og hugsanlega er alls ekki um tóft að ræða.

Rannsóknin er gerð í byrjun maí þegar mikið er tekið að grænka og staðir þar sem útihús stóðu yfirleitt orðinn hvann græn og það sést vel á þeim tóftum sem eru í kring. En svæðið þar sem hinir meintu veggjastúfar eru sýna enginn merki um að undir sér næringarríkari jarðvegur. Gróður er sá sami og í umhverfinu í kring.

Hinsvegar eru heimildir um að þurrabúð hafi staðið um 50 metrum frá **[165571 151 – 22]** Þó engar minjar séu sjáanlegar þar í dag . Í um 100 metra fjarlægð eru rústir sem líklega eru frá býlum í kring sem enn hafa ekki verið skráð.

En um tóft er að ræða er hún mjög lítil eða lítið eflir afhenni og sýnir ekki merki um næringarríkari jarðveg eins og algengt er með hús þar sem dýr og menn hafa verið.

Heimildarmaður man ekki eftir tóft á þessum stað né að hafa heyrt um tóft á þessum stað.

Vegur liggur yfir reitinn sem um ræðir og er hann líklega nokkuð gamall og lá heim að þurrabúð sem bar nafnið Hviða en í dag stendur á sama stað húsið Útgarðar [Heiðarbrún 6] virðist þetta vera eini hlutinn sem eftir er að þessum vegi en restin af honum hefur farið undir gatnagerð og húsbyggingar



Vegur	165571 151 - 241
Tóft	165571 151 - 242
Vegur	
Deiliskipulagsmörk	

Iceland
ISNET93
ITRF

Heiðarbrún 8a



Scale 1:1.000
0 0,030
Kilometers

HEIDARBRUH 8A.cor
14.5.2008

GPS Pathfinder® Office
Trimble